



SAMPYKKTIR



Samþykktir STEFs

1. Nafn og aðsetur

- 1.1 Samtökin heita STEF.
- 1.2 Heimili og varnarþing samtakanna er í Reykjavík.

2. Tilgangur og viðfangsefni

- 2.1 STEF eru opin félagasamtök höfunda og rétthafa um höfundarétt á sviði tónlistar. Samtökin gæta hagsmuna og höfundaréttar innlendra og erlendra tónskálda, textahöfunda, svo og annarra rétthafa tónverka og tilheyrandi texta er varða höfundarétt. Samtökin starfa á grundvelli viðurkenningar Menningar- og viðskiptaráðuneytisins til innheimtu höfundaréttargjalda samkvæmt höfundalögum. Þau vinna að því að efla og styrkja nýsköpun og stuðla að grósku tónlistar á Íslandi. Samtökin safna ekki eignum í eigin þágu.
- 2.2 Höfuðviðfangsefni STEFs í samræmi við tilgang sinn samkvæmt grein 2.1 eru þessi:
 - A) Samtökin stuðla að og beita sér fyrir varðveislu og eflingu hins einstaklingsbundna höfundaréttar með stöðugri varðgæslu á þessu sviði, beita sér fyrir nýjungum á sviði höfundalöggjafar og standa vörð um tilvist réttarins með öllum tiltækum ráðum.
 - B) Samtökin starfrækja innheimtumiðstöð sem veitir tónflutningsleyfi fyrir hönd meðlima sinna svo og annarra, samkvæmt þeim viðurkenningum sem

samtökin hafa frá tilheyrandi ráðuneyti, innheimtir gjöld fyrir leyfin og úthlutar til rétthafa. Samtökin hafa heimild til að framkvæma hvaðeina, sem að því lýtur, þ.á.m. með málshöfðun til gæslu og verndar hagsmunum þessum. Samtökin ákvarða verðskrá sem birt er opinberlega.

C) Samtökin veita leyfi til fjölföldunar tónlistar, innheimta gjöld fyrir leyfin og úthluta til rétthafa. Samtökin hafa heimild til að framkvæma hvaðeina, sem að því lýtur, þ.á.m. með málshöfðun til gæslu og verndar hagsmunum þessum. Samtökin geta falið norrænu innheimtustofnuninni á sviði fjölföldunarréttar, Nordisk Copyright Bureau (NCB), að gæta þessara hagsmuna í umboði sínu.

D) STEF styður við framgang tónlistar með áherslu á fjölbreytt menningarlegt hlutverk hennar og ólíkar gerðir, m.a. með styrkveitingum. Einnig veita samtökin ráðgjöf og fræðslu um gildi tónlistar og höfundaréttar. Samtökin stuðla að auknum skilningi á mikilvægi þess að höfundar fái sanngjarnt endurgjald fyrir notkun verka sinna.

2.3 STEF á aðild að FJÖLÍS, IHM og öðrum þeim samtökum, sem stofnsett kunna að verða, til þess að innheimta höfundaréttargjöld og önnur sambærileg gjöld samkvæmt höfundalögum eða öðrum lögum.

2.4 STEF annast samskipti við hliðstæð samtök erlendra rétthafa.

3. Aðild

- 3.1 Meðlimir STEFs verða þeir sem gera um það samning við samtökin. Eftirfarandi aðilar geta gert aðildarsamninga við STEF:
- a) Tónhöfundar (jafnt tónskáld sem textahöfundar).
 - b) Útsetjarar og aðrir sem vinna svipaða vinnu við tónverk sem nær verk hæð og hefur fengið hlutdeild í höfundarverki skráðu hjá STEFi.
 - c) Erfingjar ofangreindra aðila.
 - d) Forleggjarar sem hafa fengið framseldan höfundarétt frá ofangreindum aðilum. Með forleggjara í samþykktum þessum er átt við þann lögaðila sem hefur gert forleggjarasamning við einn eða fleiri tónhöfund.
- 3.2 Allir meðlimir eiga jafnan rétt til úthlutunar höfundaréttargjalda og styrkja STEFs í samræmi við úthlutunarreglur og reglur viðkomandi sjóða.
- 3.3 Tvö félög höfunda eiga aðild að samtökunum og skipa sérstakan sess í stjórnskipun þeirra, eins og nánar er greint í kafla 4 og 5. Þau eru Tónskáldafélag Íslands (TÍ) og Félag tónskálda og textahöfunda (FTT). Félögin gæta hagsmuna rétthafa í samstarfi við STEF, en starfa auk þess sjálfstætt eftir eigin samþykktum, sem þó mega ekki á neinn hátt brjóta í bága við samþykktir STEFs.
- 3.4 Aðildarfélögin skulu sjá til þess að allir félagsmenn þeirra hafi gert aðildarsamning við STEF og skulu ákvæði þar um vera í samþykktum þeirra.

- 3.5 Meðlimir STEFs eiga þess kost að ganga í aðildarfélögin, fullnægi þeir skilyrðum þeirra. Standi þeir utan félaga geta þeir engu að síður hlotið kjör í stjórn og fulltrúaráð samkvæmt ákvæðum kafla 4 og 5.

4. Stjórn og framkvæmdastjóri

- 4.1 Stjórn samtakanna skipa sjö menn úr hópi fulltrúaráðs. Formenn aðildarfélaga STEFs eru skipaðir án kjörs í stjórnina. Fimm stjórnarmenn eru síðan kosnir á aðalfundi fulltrúaráðs STEFs til tveggja ára í senn. Skal einn hið minnsta koma úr hvoru aðildarfélagi fyrir sig og eigi færri en einn vera utan þessara félaga. Eftir kjör aðalmanna á aðalfundi fulltrúaráðsins skal gera stutt fundarhlé. Að fundarhlé loknu skal hver aðalmaður tilnefna sinn varamann úr hópi fulltrúaráðsins.
- 4.2 Stjórnin kýs sér formann og varaformann til tveggja ára í senn. Skulu þeir ekki vera í sama aðildarfélagi (eða þá annar þeirra að vera utan aðildarfélaga).
- 4.3 Þeir einir geta setið stjórn STEFs sem aðalmenn og varamenn er uppfylla skilyrði til kjörgengis í fulltrúaráð samtakanna samkvæmt grein 5.3.
- 4.4 Þriggja manna óháð kjörstjórn, sem stjórn STEFs skipar, skal annast framkvæmd kjörs bæði í fulltrúaráð og stjórn og skera úr öllum ágreinings- og vafaatriðum í sambandi við þessar kosningar.
- 4.5 Áður en kosningin fer fram skal leitað eftir framboðum til stjórnarkjörs. Skal slíkt gert með því að kjörstjórn sendir tilkynningu til kjörinna fulltrúarráðsmanna. Skulu þeir tilkynna um framboð með a.m.k. viku fyrirvara.
- 4.6 Tilkynningu um framboð skulu fylgja upplýsingar um hvort hagsmunaárekstrar kunni að vera á milli viðkomandi einstaklings og STEFs, þ.m.t. hvort viðkomandi skuldi samtökunum einhverja fjármuni. Þá

skal frambjóðandi tiltaka allar þær greiðslur sem viðkomandi hefur þegið frá samtökunum síðastliðið ár, þ.m.t. höfundaréttargreiðslur, styrki, stjórnarlaun svo og önnur hlunnindi. Heimilt er að tilgreina eingöngu hvað varðar höfundaréttargreiðslur í hvaða flokki tekjur þeirra eru, sbr. flokka hér að neðan:

- a) Tekjur upp að 500.000 kr.
- b) Tekjur frá 500.000 til 1 milljónar kr.
- c) Tekjur frá 1 milljón til 3 milljóna kr.
- d) Tekjur hærri en 3 milljónir kr.

Kjörstjórn skal áframsenda tilkynningar þessar til kjörinna fulltrúarráðsmanna, þannig að þeim gefist kostur á að kynna sér þær fyrir stjórnarkjör.

Sitjandi stjórnarmenn skulu gæta þess að senda einnig sambærilegar tilkynningar áður en aðalfundur fulltrúaráðs er haldinn.

- 4.7 Bjóði fimm sig fram í stjórn teljast þeir sjálfkjörnir, enda sé skilyrðum gr. 4.1. fullnægt. Að öðrum kosti fer fram leynileg kosning, þar sem hverjum fulltrúa skal afhentur einn kjörseðill með nöfnum frambjóðenda. Getur hann merkt við eitt til fimm nöfn á kjörseðlinum og hlýtur þá hver þeirra eitt atkvæði. Ef brugðið er út af fyrrgreindum fyrirmælum telst kjörseðill ógildur, nema hann sé auður. Ef tveir eða fleiri fá jafn mörg atkvæði skal hlutað til um það hvor eða hver þeirra telst rétt kjörinn í stjórn STEFs.
- 4.8 Stjórnin stýrir starfsemi samtakanna í samræmi við ákvarðanir fulltrúaráðs samkvæmt grein 5.11. Stjórnin skal annast um að skipulag samtakanna og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórnarfundir skal boða

skriflega með viku fyrirvara þegar formaður ákveður eða þrír stjórnarmanna óska þess. Heimilt er þó að boða til fundar með styttri fyrirvara af sérstöku tilefni, sé slíkt nauðsynlegt. Skal þá næsti stjórnarfundur staðfesta þær ákvarðanir sem á slíkum fundi voru teknar. Fundargerð skal rituð á stjórnarfundum.

- 4.9 Stjórnarfundur er lögmætur ef meirihluti stjórnar er mættur. Afl atkvæða ræður á stjórnarfundum.
- 4.10 Stjórn starfar innan þess ramma sem fulltrúaráð setur um eftirfarandi, sbr. ákvæði greinar 5.12:
- a) Frádrátt af höfundaréttartekjum meðlima, þ.m.t. frádrátt vegna Menningarsjóðs.
 - b) Ávöxtun fjármuna og hvernig fjármagnstekjum skuli ráðstafað.
 - c) Hvernig ráðstafað skuli fjármunum vegna verka sem ekki finnst höfundur að.
 - d) Áhættustýringu.
 - e) Sölu eða leigu eigna.
 - f) Samruna við önnur samtök eða fyrirtæki.
 - g) Stofnun dótturfélaga, útibúa, deilda eða samrekstrar (e. joint venture).
 - h) Lánagerninga og veðsetninga.
 - i) Kaup á hlutabréfum eða öðrum fjárfestingum.
- 4.11 Stjórn skal útbúa og birta gegnsæisskýrslu árlega samkvæmt ákvæðum höfundalaga.
- 4.12 Stjórn skal setja sér starfsreglur, sem kveða m.a. á um helstu verkefni stjórnar, gegnsæi, aðgang að upplýsingum, styrkveitingar og verkefni stjórnarformanns.

- 4.13 Varamenn skulu boðaðir á stjórnarfundum í forföllum aðalmanna og er þá heimilt að boða þá með skemmri fyrirvara en gildir almennt um boðun stjórnarfunda. Ef ljóst er að aðalmaður í stjórn getur ekki sinnt skyldum sínum um lengri tíma eða segi hann af sér stjórnarmennsku áður en kjörtímabili hans lýkur, tekur varamaður sæti hans.
- 4.14 Stjórn STEFs ræður framkvæmdastjóra samtakanna, en framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk þeirra. Framkvæmdastjóri stýrir daglegum rekstri samtakanna í samræmi við ákvarðanir stjórnar og fulltrúaráðs samtakanna. Framkvæmdastjóri hefur rétt og skyldu til fundarsetu á stjórnarfundum og fulltrúaráðsfundum og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.
- 4.15 Þess skal gætt að framkvæmdastjóri hafi ekki hagsmuna að gæta gagnvart úthlutunum og styrkveitingum samtakanna. Framkvæmdastjóri skal árlega upplýsa kjörna fulltrúa um hvort einhverjir hugsanlegir hagsmunaárekstrar séu á milli hans og samtakanna, hvort hann sé í skuld við samtökin og hvort og þá hversu miklar höfundaréttartekjur eða styrki hann hafi þegið frá samtökunum á sl. ári.
- 4.16 Undirskrift fjögurra stjórnarmanna er nægileg til þess að skuldbinda samtökin.

5. Fulltrúaráð

- 5.1 Fulltrúaráð STEFs er skipað 21 fulltrúa.
- 5.2 Formenn aðildarfélaga STEFs eru skipaðir án kjörs. Aðrir meðlimir fulltrúaráðs skulu kjörnir til tveggja ára í senn í almennri atkvæðagreiðslu, sem fara skal fram í marsmánuði annað hvert ár. Skulu fimm kjörnir fulltrúar hið minnsta koma úr hópi rétthafa utan félaga og eigi færri en fimm úr hvoru aðildarfélagi fyrir sig.
- 5.3 Atkvæðisrétt og kjörgengi hafa allir meðlimir STEFs, enda hafi þeir fengið úthlutað að lágmarki frá samtökunum samtals 125 þús. kr. á undangengnum þremur árum.
- 5.4 Höfundur eða annar rétthafi fer sjálfur með atkvæðisrétt vegna réttinda sinna, jafnvel þótt hann hafi framselt rétt sinn til viðtöku höfundalauna til annars aðila, nema um sé að ræða framsal til forleggjara. Í slíkum tilvikum skiptist atkvæðarétturinn á milli höfundar eða rétthafa annars vegar og forleggjara hins vegar.
- 5.5 Bjóði forleggjari sig fram í fulltrúaráð STEFs skal viðkomandi um leið og hann tilkynnir framboð sitt tilkynna hvaða einstaklingur muni taka viðkomandi sæti fyrir hans hönd, nái hann kjöri. Sami einstaklingur getur ekki bæði verið í framboði til fulltrúaráðs sem tónhöfundur og forleggjari.
- 5.6 Fyrirsvarsmaður erfingja, sem skráður er viðtakandi greiðslna í réttindaskrá STEFs, fer með óskiptan atkvæðisrétt vegna réttinda hins látna. Sami aðili getur bæði farið með atkvæðisrétt sem fyrirsvarsmaður erfingja

og sem höfundur sjálfur. Þjóði viðkomandi sig fram í fulltrúaráð STEFs, skal koma fram að viðkomandi sé í kjöri sem fulltrúi erfingja tiltekins höfundar.

- 5.7 Rétthafar, sem verulegra hagsmuna hafa að gæta sem viðsemjendur STEFs um höfundaréttargjöld, eru heldur ekki kjörgengir í fulltrúaráðið, né heldur þeir sem uppvísir hafa orðið að stórfelldum höfundaréttarbrotum eða brotið hafa gegn samtökunum með öðrum hætti.
- 5.8 Eigi síðar en 1. febrúar á kosningarári skal auglýst eftir framboðum og skal framboðsfrestur vera fjórar vikur. Ef nítján hafa boðið sig fram sem fullnægja skilyrðum samþykktu að framboðsfresti loknum, teljast þeir sjálfkjörnir, en hafi fleiri boðið sig fram skal atkvæðagreiðsla fara fram. Ef færri en nítján hafa boðið sig fram, að venjulegum framboðsfresti loknum, skal hann framlengdur um eina viku.
- 5.9 Framboð í fulltrúaráð skal vera skriflegt og senda kjörstjórn.
- 5.10 Rétthafar fara með atkvæði eins og hér greinir:
- Sérhver rétthafi sem á annað borð hefur atkvæðisrétt fer með þrjú atkvæði.
 - Fari samanlagðar höfundaréttargreiðslur, sem rétthafinn hefur fengið úthlutað á undangengnum þremur árum, fram úr 350 þús. kr. fer viðkomandi með sex atkvæði.
 - Fari greiðslurnar fram úr 745 þús. kr. fer viðkomandi rétthafi með níu atkvæði,
 - Fari greiðslurnar fram úr 1,33 millj. kr. fer viðkomandi rétthafi með tólf atkvæði.

- Fari greiðslurnar fram úr 2,5 millj. kr. fer hann með fimmtán atkvæði.

Samkvæmt þessu getur enginn einn rétthafi farið með fleiri en fimmtán atkvæði við atkvæðagreiðsluna. Hver rétthafi getur greitt einum eða fleiri frambjóðendum atkvæði.¹

- 5.11 Atkvæðagreiðslan fer þannig fram að hver rétthafi, sem atkvæðisrétt hefur, fær senda jafn marga kjörseðla og þau atkvæði eru sem hann ræður yfir. Á kjörseðlinum skulu skráð nöfn frambjóðenda í stafrófsröð og skal rétthafinn krossa við nafn eins þeirra. Ef tveir eða fleiri fá jafn mörg atkvæði skal hlutað til um það hvor eða hver þeirra telst rétt kjörinn í fulltrúaráð STEFs.

Sé kosning bréfleg fer hún fram á eftirfarandi hátt: Kjörseðillinn skal settur í lokað umslag. Umslögin með kjörseðlunum skulu berast skrifstofu STEFs innan þriggja vikna frá því að þau voru send út. Annast kjörstjórn talningu atkvæða. Berist kjörseðill frá einhverjum, sem ekki hefur atkvæðisrétt, sé hann annars konar en þeir kjörseðlar, sem sendir voru út, sé merkt við nöfn fleiri en eins frambjóðenda á kjörseðli eða sé þar að finna einhver auðkenni, sem bent gætu til þess hver kjósandinn er, telst seðillinn ógildur, nema hann sé auður.

- 5.12 Stjórn er heimilt að ákveða að í stað atkvæðagreiðslu skv. grein 5.7 skuli atkvæðagreiðsla vera rafræn. Þeim sem

¹ Fjöldi rétthafa með fimmtán atkvæði er samkvæmt þessu fimmtungur þeirra sem þrjú atkvæði hafa, fjöldi rétthafa með tólf atkvæði er fjórðungur miðað við sama hóp og þannig áfram: Níu atkvæði hefur þriðjungur af fjölda viðmiðunarhópsins og sex hefur helmingur.

Þess óska skal þó í slíkum tilvikum vera gert mögulegt að greiða atkvæði bréflega. Skal stjórn ákveða nánar hvernig rafræn kosning skuli framkvæmd með öruggum og áreiðanlegum hætti.

- 5.13 Þegar úrslit atkvæðagreiðslunnar liggja fyrir skulu þeir, er skipaðir hafa verið eða kjörnir í fulltrúaráðið sem aðalmenn, tilnefna varamenn sína og skulu varamenn fullnægja skilyrðum til að eiga sæti í fulltrúaráðinu samkvæmt grein 5.3, auk þess sem varamenn fulltrúa utan aðildarfélag STEFs skulu einnig standa utan þeirra. Stefnt skal að jöfnu kynjahlutfalli við tilnefningu varamanna.
- 5.14 Fulltrúaráðið fer með æðsta vald í málefnum samtakanna og kemur aðalfundur þess í stað almenns aðalfundar félagsmanna.
- 5.15 Fulltrúaráðið er ályktunarbært sæki minnst 15 fulltrúar fundinn, nema í tilfellum sem getið er um í grein 5.19. Afl atkvæða ræður á fulltrúaráðsfundum, þannig að hver fulltrúi fer með eitt atkvæði, nema annað sé sérstaklega tekið fram í samþykktum þessum. Telst mál samþykkt hljóti það meirihluta atkvæða.
- 5.16 Aðalfund fulltrúaráðsins skal halda í maímánuði ár hvert og skal taka fyrir þessi mál á fundinum:
1. Skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra fyrir liðið ár.
 2. Afgreiðslu endurskoðaðra reikninga samtakanna fyrir liðið ár.
 3. Tilkynningu um kosningu stjórnar fyrir næsta starfsár, sbr. þó 4. tölulið.

4. Kosningu fimm manna í stjórn STEFs, þó aðeins annað hvert ár, sbr. 4. gr.
5. Kosningu tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara fyrir næsta starfsár. Skal annar skoðunarmanna vera félagsmaður í Tónskáldafélagi Íslands, en hinn í Félagi tónskálda og textahöfunda.
6. Kosningu formanns fulltrúaráðsins, þó aðeins annað hvert ár.
7. Ákveða laun stjórnarmanna og önnur hlunnindi þeirra, ef slíku er til að dreifa, svo og laun skoðunarmanna og formanns fulltrúaráðs.
8. Önnur mál.

Fulltrúaráð skal enn fremur setja ramma um þau atriði sem talin eru upp í grein 4.10 og samþykkja úthlutunarreglur STEFs.

- 5.17 Formaður fulltrúaráðs, sem kjörinn er til tveggja ára í senn, skal ekki samhliða sitja í stjórn samtakanna og stendur hann skil á ábyrgð sinni gagnvart fulltrúaráði eingöngu. Lýst skal eftir framboðum til formanns fulltrúaráðsins á aðalfundi þess.
- 5.18 Aðra fulltrúaráðsfundi en aðalfund skal boða þegar stjórn ákveður eða skoðunarmenn eða fimm fulltrúar óska þess.
- 5.19 Berist formleg kvörtun um að stjórn hafi mögulega brotið gegn samþykktum STEFs, skal um hana fjallað á fulltrúaráðsfundi í fjarveru stjórnar og skulu atkvæði þeirra sem eftir sitja ráða niðurstöðu. Stjórn eða einstakir stjórnarmenn gera grein fyrir máli sínu með skriflegum hætti. Getur fulltrúaráð þá eftir atvikum ógilt stjórnarákvörðun eða lýst yfir vantrausti á stjórn.

- 5.20 Stjórn STEFs skal boða til fulltrúaráðsfunda skriflega og skal geta dagskrár í fundarboði. Aðalfund skal boða með tveggja vikna fyrirvara, en aðra fundi með einnar viku fyrirvara.
- 5.21 Fulltrúar geta óskað eftir því að tiltekin mál verði sett á dagskrá aðalfundar fulltrúaráðs og skulu slíkar óskir berast eigi síðar en þann 1. apríl ár hvert vegna aðalfundar þess árs.
- 5.22 Kjörnir fulltrúar skulu sjálfir bera ábyrgð á því að boða varamenn sína á fundi fulltrúaráðsins geti þeir ekki sótt fund. Komist varamaður ekki á fundinn er fulltrúa heimilt að veita öðrum fulltrúa umboð sitt til að sækja viðkomandi fund. Getur hver og einn fulltrúi einungis farið með umboð fyrir einn annan fulltrúa. Umboð telst einungis gilt ef notað er form frá samtökunum.
- 5.23 Formaður fulltrúaráðsins stjórnar fundum þess, hvort sem hann er endurkjörinn í fulltrúaráðið eða ekki. Sé formaður forfallaður skal fundurinn kjósa sér fundarstjóra.
- 5.24 Rituð skal fundargerð funda fulltrúaráðs. Ekki verður ályktað um mál, sem ekki er getið í fundarboði, nema 4/5 hluta fundarmanna samþykki.
- 5.25 Stjórn samtakanna skal sjá til þess að auk aðalfundar verði opinn félagsfundur haldinn eigi sjaldnar en árlega þar sem kynnt er ársskýrsla og ársreikningur samtakanna og unnt er að koma á framfæri ábendingum til stjórnar.

6. Meðferð fjármála

6.1 Tekjum STEFs skal varið sem hér segir:

- A) Af heildartekjum skal fyrst greiða opinber gjöld, ef á verða lögð, og síðan allan rekstrarkostnað samtakanna.
- B) Af því fé, sem þá verður eftir, skal af innlendum tekjum greiða allt að 10% til Menningarsjóðs STEFs, eftir nánari ákvörðun aðalfundar fulltrúaráðs samtakanna. Úr þeim sjóði er heimilt samkvæmt ákvörðun aðalfundar fulltrúaráðs á ári hverju að úthluta fé til starfsemi aðildarfélaga STEFs. Skulu félögin eiga jafnan rétt til úthlutunar, enda sé fjármununum varið til sambærilegrar starfsemi. Öll ráðstöfun fjár úr Menningarsjóði skal vera gegnsæ og tilgreind í ársreikningi samtakanna. Skulu aðildarfélögin einnig gera sérstaka grein fyrir ráðstöfun úthlutaðs fjár.
- C) Það fé, sem þá verður eftir, skiptist með þeim, sem flutningsrétt eiga á verkum sem samtökin innheimta gjöld fyrir, eftir þeim reglum sem settar verða af samtökunum í samræmi við reglur hliðstæðra samtaka í aðildarríkjum Bernarsáttmálans. Í reglunum má af hagkvæmnisástæðum kveða á um einföldun úthlutunar til innlendra og erlendra rétthafa í samræmi við hefðir sem skapast hafa í því efni.

6.2 Athugasemdir við úthlutun höfundaréttargreiðslna frá STEFi ber að senda skrifstofu samtakanna innan þriggja mánaða frá því að tilkynning um úthlutun var send

rétthafa og er samtökunum ekki skylt að taka til greina athugasemdir við úthlutun, þær er síðar koma fram.

- 6.3 Reikningsár STEFs er almanaksárið.
- 6.4 Ársreikningur STEFs skal endurskoðaður ár hvert af löggiltum endurskoðanda og sendur kjörnum skoðunarmönnum samtakanna, en þeir skulu aftur senda ársreikninginn til stjórnar STEFs með athugasemdum sínum. Skal reikningurinn síðan, ásamt öðrum reikningum samtakanna, lagður fyrir aðalfund fulltrúaráðs þeirra til samþykktar. Þeir fulltrúar, sem þess óska, geta fengið afhent eintak af ársreikningum daginn fyrir aðalfund.
- 6.5 Samþykktur ársreikningur STEFs, skal vera aðgengilegur á heimasíðu samtakanna.
- 6.6 Styrkir úr sjóðum, sem tengjast STEFi, þ. á m. á grundvelli samninga samtakanna við aðra aðila, skulu veittir eftir eðli verkefna í samræmi við markmið þeirra, óháð félagsaðild styrkþega. Styrkirnir skulu veittir á faglegum forsendum.
- 6.7 Við tilnefningar í nefndir á vegum samtakanna, þ.m.t. úthlutunarnefndir vegna styrkveitinga, skal leitast við að hlutföll kynja verði sem jöfnust. Sama gildir um tilnefningar í stjórnir og ráð utan samtakanna.

7. Samningur um aðild og meðferð kvartana

- 7.1 Með undirritun samnings um aðild að STEFi felur viðkomandi höfundur eða rétthafi STEFi að gæta hagsmuna sinna og innheimta höfundaréttargreiðslur eins og þar er nánar kveðið á um. Jafnframt skuldbindur viðkomandi meðlimur sig til að fylgja samþykktum STEFs og úthlutunarreglum eins og þær eru á hverjum tíma. Breytingar sem gerðar verða á samningi um aðild skulu skuldbinda alla meðlimi frá og með þeim tíma sem breytingarnar taka gildi.
- 7.2 Samningur um aðild skal tilgreina hvaða réttindaflokkar og landsvæði viðkomandi meðlimur framselur umsjón með til STEFs. Skal stjórn STEFs ákveða réttindaflokkana með tilliti til þess hvað gerlegt er að framkvæma á hagkvæman hátt á hverjum tíma. Upplýsingar um réttindaflokka skulu birtar á heimasíðu STEFs. Stjórninni er heimilt að ákveða að þeir meðlimir, sem kjósa að velja ekki alla réttindaflokkana, greiði hærra umsýslugjald til STEFs en aðrir og skal það þá innheimt sem árlegt gjald. Ekki skal greiða hærra umsýslugjald svo lengi sem STEF fer með umsýslu allra réttindaflokka innan Íslands. Taki stjórn ákvörðun um breytingar á réttindaflokkum, þá er litið svo á að allir meðlimir séu bundnir af viðkomandi breytingum.
- 7.3 Meðlimur samtakanna getur sagt sig úr þeim (eða frá einstökum flokkum réttinda skv. gr. 7.2) með skriflegri tilkynningu þar að lútandi. Uppsögnin tekur gildi við lok þess reikningsárs sem lýkur a.m.k. sex mánuðum eftir að uppsögnin berst samtökunum.

- 7.4 Sú undantekning gildir gagnvart aðildarsamningi við STEF, að rétthafar geta sjálfir veitt leyfi fyrir notkun verka sinna þegar um er að ræða flutning sem telst ekki vera í hagnaðarkyni. Slík leyfi gilda einungis um tiltekin verk og tiltekna notkun og skal viðkomandi rétthafi tilkynna STEFi um leyfisveitinguna ekki síðar en 10 dögum fyrir flutning eða birtingu verksins. Það skal tryggt að fyrir liggi samþykki allra meðhöfunda að verkinu. Þau takmörk eru sett þessari skilgreiningu, að um sé að ræða söfnun til tiltekinna góðgerðarmála eða afmarkaða fræðslustarfsemi, og þegar fyrir liggur að aðrir aðilar sem koma að verkefninu gefi einnig sína vinnu.
- 7.5 STEF skal svara skriflega kvörtunum meðlima. Sé viðkomandi ósáttur við afgreiðslu erindis til samtakanna getur hann vísað málinu til þriggja manna úrskurðarnefndar sem skipuð skal af stjórn.

8. Breytingar á samþykktum

- 8.1 Samþykktum þessum, reglum STEFs um úthlutun höfundaréttargreiðslna sem og stjórnarfyrirkomulagi og markmiðum sjóða samkvæmt grein 6.6, verður aðeins breytt á aðalfundi fulltrúaráðsins, þar sem a.m.k. helmingur fulltrúa er mættur og 3/4 þeirra greiða breytingunni atkvæði. Nú hlýtur tillaga til breytinga á samþykktunum 2/3 hluta greiddra atkvæða á aðalfundi og verður samþykktunum þá breytt ef sama tillaga er samþykkt á aðalfundi að ári að öllu leyti óbreytt með 2/3 hluta greiddra atkvæða. Að öðrum kosti telst tillagan felld. Breyting á samþykktum skal taka gildi um leið og hún hefur verið samþykkt skv. ofangreindu.
- 8.2 STEF verður því aðeins lagt niður að um það sé gerð samþykkt á fundi í fulltrúaráði STEFs eftir þeim reglum sem greindar eru í grein 8.1. Skal þá sá fundur ráðstafa eignum samtakanna og gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir er að slitum þeirra lúta. Skulu eignir samtakanna renna til sérstaks menningarsjóðs til stuðnings íslenskri tónlist. Sé slíkur sjóður ekki til sem fundurinn telur fullnægja ofangreindu skilyrði, skal hann stofnaður.
- 8.3 Samþykktir þessar öðlast nú þegar gildi.

Samþykkt á aðalfundi fulltrúaráðs STEFs 16. maí 2009, með breytingum frá framhaldsaðalfundi fulltrúaráðs STEFs 15. október 2018 og aðalfundum fulltrúaráðs STEFs 23. maí 2020, 25. maí 2022 og 23. maí 2025.

